



Fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Lindargötu Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2024  
USK24100190

## Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja

Vísað er í mál nr. S-214-2024 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem gefinn er kostur á að senda inn umsögn um drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja (gjaldtaka ökutækja, eldsneytis, kolefnisgjald o.fl.)

Í ljósi þess eru nokkur atriði sem Reykjavíkurborg vill koma á framfæri.

Reykjavíkurborg gerir athugasemdir við þau áform að öll ökutæki undir 3.500 kg. að leyfðri heildarþyngd greiði öll sama kílómetragjald. Samkvæmt skráningu Hagstofunnar eru yfir 90% allra skráðra ökutækja undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd. Ökutæki í efri mörkum þess þyngdarflokks eru mjög frábrugðin ökutækjum sem léttari eru, bæði hvað varðar stærð og eiginleika í slysum. Slit á vegum eykst í veldisvexti eftir öxulþunga ökutækja. Slítur því ökutæki sem er eitt tonn að leyfðri heildarþyngd einungis broti af því sem ökutæki að 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd gerir. Svifryksmengun eykst einnig í sama hlutfalli og slit á vegum með aukinni þyngd ökutækja. Svifryksmengun hefur mikil neikvæð áhrif á öndunarfæri fólks og sérstaklega barna og fólks með öndunarfærastjórnun.

Sama þróun sést hérlendis og víða annars staðar, þ.e. að ökutæki eru að verða stærri og þyngri og hefur breyting á orkugjafa stuðlað enn frekar að þeirri þróun. Stærri ökutæki eru með stærra blindsvæði fyrir bílstjóra en þau sem minni eru og þau eru líklegri til að valda alvarlegum slysum í árekstri við óvarða vegfarendur. Því er það einnig öryggismál að lágmarka fjölda stórra ökutækja í þéttbýli þar sem gera má ráð fyrir fjölda óvarinna vegfarenda. Þessi þróun hefur einnig þau áhrif að þrengra er um ökutæki í afmörkuðum bifreiðastæðum í grónum hverfum.

Kílómetragjald er sanngjörn leið að því að láta eigendur þeirra ökutækja sem slíta og menga meira greiða fyrir það, en það getur einnig verið leið til að minnka slyshættu sem skapast af stærri ökutækjum. Því er nauðsynlegt að mati Reykjavíkurborgar að skipta flokk með leyfða heildarþyngd undir 3.500 kg í fleiri flokka.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
deildarstjóri samgangna



Reykjavík